

FMS 2019-26  
ISBN 978-9935-9478-2-6  
ISSN 2547-8060



FERÐA  
MÁLA  
STOFA  
ICELANDIC  
TOURIST  
BOARD 

# FERÐAMÁLARANNSÓKNIR

## TOURISM RESEARCH IN ICELAND

ÁGÚST 2019

Erlendir ferðamenn í Vík sumarið 2018  
Niðurstöður ferðavenjukönnunar

Lilja B. Rögnvaldsdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA

© Ferðamálastofa 2019

Útgefandi: Ferðamálastofa - Geirsgötu 9, 101 Reykjavík / Hafnarstræti 91, 600 Akureyri  
Netfang: [upplýsingar@ferdamalastofa.is](mailto:upplýsingar@ferdamalastofa.is)  
Veffang: [www.ferdamalastofa.is](http://www.ferdamalastofa.is)

Titill: Erlendir ferðamenn í Vík sumarið 2018 - Niðurstöður ferðavenjukönnunar  
Höfundur: Lilja B. Rögnvaldsdóttir

Umsjón með gagnaöflun: Vera Vilhjálmisdóttir  
Umbrot og teikningar: Blek hönnunarstofa - blekhonnun.is  
Kápa: Porthönnun

Númer: FMS 2019-26  
ISBN: 978-9935-9478-2-6  
ISSN: 2547-8060

Öll réttindi áskilin. Skýrsluna má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.


# Erlendir ferðamenn í Vík sumarið 2018

## NIÐURSTÖÐUR FERÐAVENJUKÖNNUNAR

Í þessari skýrslu er greint frá helstu niðurstöðum könnunar sem framkvæmd var meðal erlendra ferðamanna í Vík í Mýrdal sumarið 2018.

Um er að ræða verkefni sem tilheyrir reglulegri gagnasöfnun hins opinbera á ýmsum þáttum ferðaþjónustu og ferðamennsku á Íslandi en könnunin var unnin af Rannsóknamiðstöð ferðamála og Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Húsavík fyrir Ferðamálastofu. Könnunin fór fram sumarið 2018 á átta áfangastöðum landsins, Reykjavík, Reykjanesbæ, Vík, Stykkishólmi, Ísafirði, Hvammstanga, Húsavík og Egilsstöðum.

Í skýrslunni er lögð áhersla á greiningu ýmissa einkennandi þátta ferðamanna á rannsóknarsvæðunum s.s. búsetulandi, ferðamáta, gistimáta, afþreyingu og dvalarlengd auk þess sem ástæða heimsóknar og útgjaldamynstur ferðamanna var skoðað sem og ánægja þeirra með heimsókn á svæðið.



# EFNISYFIRLIT

Aðferð	2
Búsetuland ferðamanna	3
Fjöldi ferðamanna	4
Ferðafélagar	5
Gisting	6
Gistimáti	7
Dvalarstaður ferðamanna, fyrir og eftir heimsókn til Víkur	8
Ástæða heimsóknar	9
Tímasetning ákvörðunar um heimsókn	10
Upplýsingar	11
Ferðamáti	12
Dvalarlengd	13
Afþreying og þjónusta	14
Ánægja	15
Hápunktur heimsóknarinnar	16
Meðmælaskor	17
Ástæða meðmæla	18
Hvað þarf að bæta	19
Meðalútgjöld á sólarhring	20
Samantekt	21
Heimildir	22

Spurningakönnunin sem er grundvöllur þessarar rannsóknar einskorðast við erlenda ferðamenn í Vík í Mýrdal sumarið 2018. Flestar spurninganna sem lagðar voru fyrir viðmælendur voru lokaðar þar sem svarendur merktu við þann svarmöguleika sem átti best við í þeirra tilfalli. Spurningar sem snéru að ástæðu heimsóknar, meðmælum, hápunkti ferðar og útgjöldum voru opnar. Framkvæmd könnunarinnar var með rafrænum hætti þar sem þátttakendur svöruðu spurningunum á nettengdum spjaldtölvum. Hún var hýst hjá MMR sem jafnframt sá um frumgreiningu gagna. Þátttakendur gátu valið um fjögur tungumál; ensku, frönsku, þýsku og spænsku.

Ferðamenn voru spurðir út í heimsókn sína til staðarins og ferðahegðun meðan á dvöl þeirra í Vík stóð. Sérstaklega var spurt um útgjöld þeirra en þar var átt við þá upphæð sem greidd var fyrir kaup á neysluvörum og þjónustu sem og fyrir önnur verðmæti til eigin nota eða gjafa í sólarhring meðan á dvöl stóð. Það fól í sér útgjöld ferðamanna sem greidd voru af þeim sjálfum eða af öðrum fyrir þeirra hönd. Stuðst var við reglur þjóðhagsreikninga um einkaneyslu þar sem miðað er við að neyslan eigi sér stað við afhendingu þjónustu eða við eigendaskipti vöru hvort sem peningaleg greiðsla á sér stað um leið eða ekki.\* Útgjöld vegna gistipjónustu voru því metin þann sólarhring sem dvalið var á gististaðnum, vegna ferða þann sólarhring sem ferðin átti sér stað o.s.frv. Búsetuland ferðamanna er ein af bakgrunnsbreytum könnunarinnar. Á nokkrum stöðum í skýrslunni er vísað í Þjóðverja, Bandaríkjamenn o.s.frv. þar sem niðurstöðurnar eru greindar eftir bakgrunnsbreytum. Er það gert til

einföldunar en þar sem það á við er átt við ferðamenn með búsetu í býskalandi, Bandaríkjunum o.s.frv.


Könnunin stóð yfir tímabilið 14. júlí til 4. september og var framkvæmd frá kl. 9 til kl. 19. Í fjóra daga var fyrirlögn hennar samfelld frá morgni til kvölds og í tuttugu og tvo daga fór hún fram hluta úr degi. Lögð var áhersla á að dreifa gagnasöfnun jafnt yfir daginn og yfir vikuna. Spýrlarnir voru staðsettir á svæði sem afmarkaðist af Ránarbraut, Víkurbraut og niður að göngustígum við ströndina. Þeir óskuðu eftir þátttöku allra erlendra ferðamanna sem urðu á vegi þeirra en alls voru 537 erlendir ferðamenn beðnir um að taka þátt í könnuninni. Af þeim samþykktu 432 þátttöku eða 80% aðspurðra. Endanlegur fjöldi svara var yfir lágmarksstærð úrtaks miðað við 95% öryggismörk og ±5% úrtaksskekkju. Meðalaldur svarenda var 38 ár, hlutfall kvenna var 52% og karla 48%. Um var að ræða úrtakskönnun og niðurstöðurnar ber að túlka sem vísbendingu um ákveðið ástand en forðast alhæfingar út frá þeim. Framkvæmd könnunarinnar var háð því að gestir staðarins færu fótgangandi um rannsóknarsvæðið á þeim tíma sem könnunin var framkvæmd. Með því var útilokuð þátttaka þeirra sem komu til staðarins eftir kl. 19 á kvöldin og fóru þaðan fyrir kl. 9 um morguninn sem og þeirra sem fóru ekki fótgangandi um hið skilgreinda rannsóknarsvæði á meðan framkvæmd spurningakönnunarinnar stóð.

Við úrvinnslu gagnanna var notast jafnt við SPSS og Excel. Við útreikninga á útgjöldum ferðamanna í erlendum gjaldmiðlum var notast við miðgengi Seðlabanka Íslands þann 15. júlí 2018.

\*[United Nations, 2010a, 2010b].

# Hvert er búsetuland þitt?

Flestir þeirra erlendu ferðamanna sem heimsóttu Vík sumarið 2018 voru búsettir í Bandaríkjunum, Þýskalandi og Frakklandi. Hlutfall Bandaríkjamanna var þó heldur lægra í Vík en á landsvísu og hlutfall Þjóðverja og Frakka var hærra í Vík.




\*[Ferðamálastofa, e.d.].

Myndin sýnir búsetuland erlendra ferðamanna í Vík sumarið 2018 og Þjóðerni erlendra farþega um Keflavíkurlugvöll á sama tíma.

## Fjöldi ferðamanna í Vík 2018

Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna í Vík og Reynisfjöru árið 2018 var um 1.254 þúsund.\*

Alls komu um 57% ferðamanna til staðarins á tímabilinu maí til september og 38% yfir sumarmánuðina þrjá svo árstíðasveiflan er nokkur þó hún sé heldur minni á Suðurlandi en á öðrum landssvæðum.




\*(Ferðamálastofa, e.d.; Mælaborð ferðaþjónustunnar, e.d.b.).

Fjöldi ferðamanna er áætlaður út frá mánaðarlegu hlutfalli þeirra sem heimsóttu Vík í Mýrdal/Reynisfjöru skv. Mælaborði ferðaþjónustunnar árið 2018 og fjöldatölum erlendra brottfararfarþega um Keflavíkurflugvöll á sama tíma.

## Með hverjum ferðaðist þú?

Langflestir ferðamanna voru á ferð með fjölskyldu eða vinum (90%). Um 7% þeirra voru einir á ferð og 2% í skipulagðri hópferð. Í um 16% tilvika voru börn með í för.\*




\*Nokkrir aðspurðra nefndu fleiri en einn valmöguleika svo fjöldi svara er fleiri en svarenda.




## Dvaldir þú í Vík síðustu nótt eða munt þú dvelja þar í nótt?

Alls dvöldu 40% ferðamanna í Vík yfir nótt. Hlutfall næturgesta var nokkuð hærra meðal Frakka (57%) en Þjóðverja (40%) og Bandaríkjamanna (41%) þar sem það var nær meðaltalinu.

Engin afgerandi ástæða virtist vera meðal dagsgesta fyrir því að dvelja ekki yfir nótt á staðnum. Þó sögðu 8% að gistingin væri of dýr og 9% sögðust ekki hafa fengið neina gistingu sem hentaði. Aðrir sögðust einfaldlega hafa bókað gistingu annars staðar án frekari skýringar, kenndu tímaskorti um eða sögðu að næturgisting í Vík hefði ekki verið á ferðaplaninu.




### \* 🌙 Næturgestir í Vík



## Hvaða gistaðstöðu nýttir þú þér í Vík?


Alls gistu 41% næturgesta á hótélum og gistiheimilum í Vík sumarið 2018. Vægi tjaldsvæða var næst mest en um 34% dvöldu þar. Um 9% næturgesta völdu einkagistingu s.s. Airbnb og 8% gistu í húsbíl eða öðru utan tjaldsvæðis. Færri völdu annan gistimáta s.s. farfuglaheimili og gistingu hjá vinum og ættingjum.

Á landsvísu var hlutfall gistingar á hótélum og gistiheimilum alls 44%, tjaldsvæða 13% og einkagistingar 16%.\*




\*[Mælaborð ferðapjónustunnar, e.d.a.]  
Íbúðahótel eru talin með hótélum og gistiheimilum.

## Hvar dvaldir þú nóttina áður en þú komst til Víkur?



Flestir höfðu dvalið á Suðurlandi nóttina fyrir heimsókn (71%). Um 12% ferðamanna höfðu gisti á Kirkjubæjarklaustri, 9% í Skaftafelli, 8% á Höfn og sama hlutfall á Selfossi. Um 7% ferðamanna dvöldu á Hellu en færri nefndu aðra staði á Suðurlandi. Alls höfðu 21% dvalið á höfuðborgarsvæðinu en mun færri í öðrum landshlutum.

## Hvar ætlar þú að dvelja fyrstu nóttina eftir að þú ferð frá Vík?




Að lokinni heimsókn í Vík ætluðu flestir (62%) að gista næstu nótt á Suðurlandi. Um 10% ætluðu að gista á Höfn, 8% í Skaftafelli og sama hlutfall á Kirkjubæjarklaustri. Um 7% nefndu Selfoss en færri nefndu aðra staði á Suðurlandi. Alls sögðust 25% ferðamanna ætla að dvelja næstu nótt á höfuðborgarsvæðinu, 6% á Reykjanesi en færri nefndu aðra landshluta.

\*Punktur á korti tákna hlutfall þeirra sem gistu í hverjum landshluta.

## Vinsamlegast tilgreindu ástæðu þess að Vík varð fyrir valinu sem áfangastaður


Rúmur helmingur ferðamanna sagði fegurð Víkur og nágrennis vera meginástæðu heimsóknarinnar. Þar áttu flestir við ströndina (35%) og Reynisdranga (6%). Alls sögðu 27% ferðamanna heimsóknina vera hluta af lengri ferð um Ísland og 10% komu vegna meðmæla sem þeir höfðu fengið um staðinn. Um 8% komu vegna dýralífs sem í flestum tilvikum var tengt lundum. Um 3% sögðu ástæðu heimsóknar vera gistingu, sama hlutfall nefndi staðsetningu, verslun og veitingar. Meðal annarra ástæðna voru stærð staðar og upplýsingamiðstöð ferðamanna.\*



\*Spurningin var opin og svarendur skrifuðu ástæðu sem niðurstöðurnar eru greindar út frá. Í einhverjum tilvikum nefndu menn fleiri en eina ástæðu og því eru fleiri svör en svarendur.

## Hvenær tókst þú ákvörðun um að heimsækja Vík?

Langflestir ferðamanna í Vík höfðu ákveðið að heimsækja staðinn áður en þeir komu til Íslands eða alls um 67%. Um 16% sögðust hafa tekið ákvörðunina eftir að þeir komu til landsins og 21% keyrðu bara í gegn á leið sinni annað. Alls sögðu 2% ferðamanna að heimsóknin til Víkur væri meginástæða Íslandsferðarinnar.\*




\*Nokkrir aðspurðra nefndu fleiri en einn valmöguleika svo fjöldi svara er fleiri en svarenda.

## Hvar fékkstu upplýsingar um áfangastaðinn Vík?

Algengustu upplýsingaveitur ferðamanna um Vík voru vefsíður sem 64% ferðamanna nýttu sér. Þar á eftir komu ferðabækur og bæklingar (45%), upplýsingar frá vinum og ættingjum (15%) og samfélagsmiðlar (15%). Um 8% ferðamanna fengu upplýsingar frá ferðaskrifstofum. Færri nefndu aðra þætti s.s. upplýsingamiðstöðvar og heimamenn.


Notkun vefsíðna og samfélagsmiðla var nokkuð algengari meðal Bandaríkjamanna en Frakka og Þjóðverja. Því var öfugt farið með ferðahandbækur og bæklinga sem Þjóðverjar og Frakkar notuðu meira en Bandaríkjamenn.



\*Um var að ræða fjölvalsspurningu og svörin eru því fleiri en svarendur.

## Hvernig ferðaðist þú til Víkur?



Vinsælasti ferðamáti erlendra ferðamanna til Víkur var bílaleigubíll (80%). Alls komu 5% ferðamanna til staðarins með hópferðabíl, sama hlutfall með einkabíl og 4% með áætlunarbifreið. Um 7% völdu annan ferðamáta s.s. puttaferðalag, leigubíl og reiðhjól.



## Hversu lengi telur þú að dvöl þín í Vík muni vara?

Meðaldvalarlengd erlendra ferðamanna í Vík var um 16 klst. Flestir (40%) dvöldu í 0-3 klst. og næst flestir í 12-24 klst. Meðaldvalarlengd dags gesta var 3,5 klst. og næturgesta 1,5 dagar.


Að jafnaði dvöldu Þjóðverjar á staðnum í 18 klst., Bandaríkjamenn í 17 klst. og Frakkar heldur skemur eða í um 14 klst.





## Hvaða þjónustu / afþreyingu hyggst þú nýta þér í Vík?



Flestir (38%) ætluðu í gönguferð meðan á dvöl þeirra í Vík stóð. Um 30% sögðust ætla að skoða fugla og 16% að smakka mat úr héraði. Heldur færri nefndu aðra þætti s.s. náttúruböð, hellaskoðun, söfn og sund. Niðurstöðurnar voru nokkuð svipaðar eftir búsetulöndum ferðamanna. Greina mátti aukinn áhuga á söfnum með hækkandi aldri ferðamanna.



# Hversu ánægð/ur ert þú með heimsókn þína til Víkur?

Almennt voru ferðamenn mjög ánægðir (58%) eða ánægðir (38%) með dvöl sína í Vík. Um 4% ferðamanna sögðust vera hlutlausir og 0,2% voru óánægðir. Á skalanum 1-5 var ánægjustig ferðamanna sumarið 2018 alls 4,5.\*


Bandaríkjamenn virtust almennt ánægðari en aðrir þar sem ánægjustig þeirra mældist 4,7. Ánægjustig Þjóðverja og Frakka var 4,5.



\*„mjög óánægðir“ fengu gildið 1 og „mjög ánægðir“ gildið 5

## Hver var hápunktur heimsóknar þinnar til Víkur?

Að mati langflestra ferðamanna var hápunktur heimsóknarinnar tengdur fegurð staðarins og náttúru hans (81%). Næst flestir (8%) nefndu fuglaskoðun þar sem lundarnir voru vinsælastir. Alls sögðu 6% ferðamanna að hápunktur heimsóknarinnar hefði tengst mat og veitingahúsum og 4% nefndu gönguferð. Færri nefndu aðra þætti s.s. vitann, sundferð, þjónustu svæðisins og upplýsingamiðstöðina.\*



\*Spurningin var opin og svarið skrifuðu ástæðu sem niðurstöðurnar eru greindar út frá.

Í einhverjum tilvikum nefndu menn fleiri en eina ástæðu og því eru fleiri svör en svarið. Í útreikningum er ekki tekið tillit til þeirra sem svöruðu „veit ekki/ vil ekki svara“.


## Hversu líkleg(ur) ertu til að mæla með heimsókn til Víkur?

Einn af þeim mælikvörðum sem notaður er til að meta árangur og frammistöðu íslenskrar ferðþjónustu er s.k. meðmælaskor (Net Promoter Score - NPS). Um er að ræða alþjóðlegan mælikvarða á viðskiptatryggð sem segir m.a. til um hversu líklegt eða ólíklegt er að viðskiptavinir mæli með tiltekinni vöru, þjónustu eða fyrirtæki.\* Í þessu tilfalli eru mældar líkur á því að ferðamenn mæli með tilteknum áfangastað. Meðmælaskor ferðamanna í Vík mældist +49 þar sem 57% ferðamanna sögðu líklegt að þeir myndu mæla með Vík sem áfangastað en 8% töldu það ólíklegt.\* Skorið getur verið á bilinu -100 til +100 og verður jákvætt þegar fleiri mæla með áfangastaðnum en á móti honum.\*

Bandaríkjamenn voru líklegri til að mæla með Vík sem áfangastað en Frakkar og Þjóðverjar. Skor þeirra mældist +66 á meðan það var +43 hjá Þjóðverjum og +44 hjá Frökkum.

Það sem fékk ferðamenn helst til að mæla með staðnum var náttúra og landslag svæðisins (46%), fegurð staðarins (41%) og góð staðsetning (8%).

Af þeim sem voru hlutlausir eða töldust ólíklegir til að mæla með staðnum sögðu 31% að verðlagið væri of hátt, um 19% vildu betri gístiaðstöðu og 15% vildu sjá meira þjónustuframboð á staðnum.



\*[Reichheld, 2003].

Meðmælaskor fæst með því að draga hlutfall þeirra sem mæla ekki með Vík sem áfangastað ferðamanna frá hlutfalli þeirra sem mæla með staðnum. Um er að ræða skala á kvarðanum 0-10. Þeir sem velja 0-6 teljast ólíklegir til að mæla með áfangastaðnum. Þeir sem velja 7-8 eru skilgreindir sem hlutlausir. Þeir teljast vera nokkuð ánægðir með áfangastaðinn en þó ekki líklegir til að mæla með honum. Þeir sem hins vegar velja 9-10 teljast ánægðir og líklegir til að mæla með áfangastaðnum.



Gaman að stoppa við en ég vil ekki gista hér

Þjóða upp á meiri skemmtun

Bæinn vantar meira sérkenni

Vinsamlegra starfsfólk

Hér vantar merкта göngustíga  
Byggingarnar á svæðinu eyðileggja útsýnið

# Ekkert, staðurinn er fínn eins og hann er

Fækkið rútunum hingað

## Aukið þjónustuframboð staðarins

Of lítill staður og of lítið um að vera

Hér vantar meiri menningartengda afþreyingu

Betra veður

Það mætti kynna Vík betur

# Lækkið verðið

Hér er of troðið

Ekki eins framandi og margir aðrir staðir á Íslandi

Fleiri söfn

Bærinn mætti vera snyrtilegri

## Bætið aðstöðuna á tjaldsvæðinu

Bætið innviðina

Maturinn mætti vera betri

Passið upp á verndun umhverfisins og velferð íbúanna

Hér of rólegt

## Aukið og bætið framboð gistingar

Betri upplýsingar um öryggi og viðbúnað

Mér finnst staðurinn ekki nógu áhugaverður

Það eru aðrir betri möguleikar til að njóta Íslands

Ég hefði frekar viljað nota tímann í Skaftafelli


Þjóðið upp á eitthvað einkennandi fyrir svæðið

Ég mæli frekar með Vestfjörðum

# Vinsamlegast áætlið sólarhringsútgjöld ykkar í Vík eftir útgjaldaliðum.

Meðalútgjöld ferðamanna á sólarhring mældust 17.335 kr. sumarið 2018. Upphæðin reiknast á alla svarendur óháð því hvort þeir greiddu fyrir vörur og þjónustu eða ekki. Útgjöldin voru hæst í flokki gistingar um 3.700 kr. og veitinga um 3.200 kr. Alls keyptu 57% ferðamanna veitingar á veitingahúsum og 59% matvöru í verslunum bæjarins. Um 19% keyptu afþreyingu og 10% menningartengda þjónustu.

Bandaríkjamenn eyddu rúmlega helmingi meira en Þjóðverjar á sólarhring eða tæpum 27 þúsund kr. á móti 11 þúsund kr. hjá Þjóðverjum. Meðalútgjöld Frakka á sólarhring voru um 17 þúsund kr. Frakkar greiddu meira en aðrir fyrir minjagripi og matvöru í verslunum bæjarins en Bandaríkjamenn voru hærri í öllum öðrum útgjaldaliðum s.s. í gistingu, afþreyingu, veitingahúsum og menningartengdri þjónustu.



\*Útgjöldin eru á verðlagi hvers árs.

Vík í Mýrdal er vinsæll áfangastaður ferðamanna allt árið um kring. Nálægðin við náttúruperlurnar Dyrhólaey og Reynisdranga skiptir staðinn miklu máli en fegurð svæðisins var meginástæða heimsóknar hjá rúmum helmingi ferðamanna sumarið 2018. Flestir höfðu ákveðið að heimsækja staðinn áður en til Íslands var komið sem endurspeglar að einhverju leyti styrk hans sem ferðamannaseguls.

Alls er áætlað að um 1.250 þúsund erlendir ferðamenn hafi heimsótt Vík í Mýrdal árið 2018 þar sem rúmur helmingur þeirra kom á tímabilinu maí til september. Flestir sumargestanna komu frá Bandaríkjunum en næst flestir frá Þýskalandi og Frakklandi. Hlutfall ferðamanna frá Þýskalandi og Frakklandi var hærra í Vík en á landsvísu og hlutfall Bandaríkjamanna lægra samkvæmt talningum ferðamanna á Keflavíkurlflugvelli sumarið 2018.

Bandaríkjamenn skáru sig nokkuð úr að því leyti að þeir voru almennt ánægðari með heimsóknina og líklegri til að mæla með Vík sem áfangastað. Útgjöld þeirra voru jafnframt hærri þar sem þeir keyptu m.a. dýrari gistiþjónustu, meiri afþreyingu og meiri veitingar á veitingahúsum.

Að jafnaði dvöldu ferðamenn í Vík í um 16 klst. og um 40% gistu yfir nótt á staðnum. Vinsælasti gistimátinn voru hótél, gistiheimili og tjaldsvæði bæjarins. Flestir áformuðu að ganga um svæðið og skoða fugla meðan á dvöl stóð en nokkrir ætluðu einnig að smakka mat úr héraði.

Rúmur helmingur ferðamanna taldist líklegur til að mæla með Vík sem áfangastað og meðmælaskor staðarins (Net Promoter

Score - NPS) mældist +49. Það sem helst hvatti fólk til meðmæla var fegurð bæjarins og umhverfis hans en einnig staðsetning. Af þeim sem voru hlutlausir eða töldust ólíklegir til að mæla með staðnum sögðu flestir að verðlagið væri of hátt auk þess sem þeir vildu sjá betra þjónustuframboð á staðnum. Almenn ánægja var meðal ferðamanna með dvölinu. Á skalanum 1-5 mældist ánægjustigið 4,5 sem eru góðar niðurstöður fyrir ferðapjónustuna á staðnum.

Meðalútgjöld ferðamanna á sólarhring mældust 17.300 kr. Útgjöld Bandaríkjamanna voru rúmlega helmingi hærri en Þjóðverja og munaði þar mestu um kostnað vegna gistingar, veitinga og afþreyingar. Útgjöld Frakka voru nær meðaltalinu. Hæstu útgjaldaliðirnir voru gisting, veitingar og samgöngur.

Í langflestum tilvikum (96%) var tilgangur ferðarinnar frí og ferðafélagarnir fjölskylda og vinir. Almennt höfðu menn ákveðið að stoppa í Vík áður en ferðin til Íslands hófst og leitað upplýsinga um staðinn í vefmiðlum, ferðahandbókum og bæklingum.

Niðurstöður könnunarinnar gefa vísbendingu um stöðu ákveðinna þátta ferðapjónustu í Vík í Mýrdal sumarið 2018. Varast ber að alhæfa út frá niðurstöðunum þar sem um úrtaksrannsókn er að ræða en engu að síður eru þessar upplýsingar ásamt öðrum gögnum í ferðapjónustu mikilvægt þúsl í heildarmynd atvinnugreinarinnar á landsvísu. Athugasemdir og óskir ferðamanna sem koma fram í könnuninni auka einnig skilning á þörfum þeirra og upplifun meðan á dvöl stendur og eru mikilvægar fyrir svæðisbundna stefnumótun og uppbyggingu atvinnugreinarinnar.



Ferðamálastofa. (e.d.). Ferðamenn um Keflavíkurflugvöll. *Brottfarir erlendra farþega um Flugstöð Leifs Eiríkssonar 2003-2019*. Sótt 2. mars 2019 af <https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna/talningar-ferdamalastofu-i-flugstod-leifs-eirikssonar>.

Mælaborð ferðaþjónustunnar. (e.d.a.). Landamæraökönnun ferðamálastofu. *Tegund gistimáta*. Sótt 19. nóvember 2018 af <https://www.maelabordferdathjonustunnar.is/is/kannanir/landamaerakonnun>.

Mælaborð ferðaþjónustunnar. (e.d.b.). Nethluti Landamæraökönnunar. *Landshlutar & staðir*. Sótt 11. mars 2019 af <https://www.maelabordferdathjonustunnar.is/is/kannanir/netkonnun>.

Reichheld, F. F. (2003). The One Number You Need to Grow. *Harvard Business Review*, 81(12), 46-54.

United Nations. (2010a). *International Recommendations for Tourism Statistics 2008*. New York: United Nations.

United Nations. (2010b). *Tourism Satellite Account: Recommended Methodological Framework 2008*. New York: United Nations.



ÚTGEFIÐ Í ÁGÚST 2019

